

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2020/1478****2021/EES/49/16****frá 14. október 2020****um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1375 að því er varðar sýnatöku,
tilvísunargreiningaraðferð og innflutningsskilyrði í tengslum við eftirlit með tríkínu (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 frá 15. mars 2017 um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem miðar að því að tryggja að lögum um matvæli og fóður og reglum um heilbrigði og velferð dýra, plöntuheilbrigði og plöntuverndarvörur sé beitt og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001, (EB) nr. 396/2005, (EB) nr. 1069/2009, (EB) nr. 1107/2009, (ESB) nr. 1151/2012, (ESB) nr. 652/2014, (ESB) 2016/429 og (ESB) 2016/2031, reglugerðum ráðsins (EB) nr. 1/2005 og (EB) nr. 1099/2009 og tilskipunum ráðsins 98/58/EB, 1999/74/EB, 2007/43/EB, 2008/119/EB og 2008/120/EB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004, tilskipunum ráðsins 89/608/EBE, 89/662/EBE, 90/425/EBE, 91/496/EBE, 96/23/EB, 96/93/EB og 97/78/EB og ákvörðun ráðsins 92/438/EBE (reglugerð um opinbert eftirlit) ⁽¹⁾, einkum a)-lið 8. mgr. 18. gr.,

að höfðu samráði við fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (ESB) 2017/625 er mælt fyrir um reglur um framkvæmd opinbers eftirlits og um aðgerðir sem lögbær yfirvöld eiga að grípa til í tengslum við framleiðslu á afurðum úr dýraríkinu sem eru ætlaðar til manneldis.
- 2) Tríkína er sníkill sem getur verið fyrir hendi í kjöti af smitnæmum tegundum, s.s. svínunum, og veldur matarbornum sjúkdómum í mönnum þegar sýkts kjöts er neytt. Í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1375 ⁽²⁾ er mælt fyrir um sértækar reglur um opinbert eftirlit með tríkínu í kjöti, þ.m.t. rannsókn á rannsóknarstofu á sýnum úr kjöti af öllum slátursvínunum.
- 3) Þar til niðurstöður liggja fyrir úr tríkínurannsókninni er heimilt að stykkja skrokka í sex hluta hið mesta með tilteknum skilyrðum. Að því er varðar framleiðslu á tilteknum sérstökum afurðum úr alisvínunum þarf að stykkja volgt kjöt í fleiri hluta áður en niðurstöður úr tríkínurannsókninni liggja fyrir. Að því er varðar slíkar sérstakar afurðir ætti því að leyfa stykkjun í fleiri hluta, að því tilskildu að öryggi kjötsins sé tryggt.
- 4) Í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1375 er kveðið á um undanþágu frá tríkínurannsókn við komu inn til Sambandsins þegar svín koma frá búum sem eru opinberlega laus við tríkínu og beita hýsingu við stýrð skilyrði. Þriðja land getur einungis beitt þessari undanþágu ef það hefur tilkynnt framkvæmdastjórninni um beiðingu slíkrar undanþágu og ef framkvæmdastjórnin hefur skráð það í þeim tilgangi.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stj. 2020, ESB L 338, 15.10.2020, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 163/2021 frá 11. Júní 2021 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stj. 2017, ESB L 95, 7.4.2017, bls. 1.

(2) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1375 frá 10. ágúst 2015 um sértækar reglur um opinbert eftirlit með tríkínu í kjöti (Stj. 2015, ESB L 212, 11.8.2015, bls. 7).

- 5) Í því tilliti er í 13. gr. reglugerðar (ESB) 2015/1375 vísað til þriðju landa sem eru tilgreind í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 206/2010 ⁽³⁾ og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/777/EB ⁽⁴⁾. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/692 ⁽⁵⁾ fellir reglugerð (ESB) nr. 206/2010 og ákvörðun 2007/777/EB úr gildi frá og með 21. apríl 2021. Af þessum sökum og til einföldunar ætti að kveða á um þann möguleika að mæla fyrir um skrár yfir þriðju lönd, sem beita undanþágum vegna tríkínu, beint í þeirri framseldu reglugerð.
- 6) Í c-lið 2. mgr. 126. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 og 13. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/625 ⁽⁶⁾ er þess krafist að sendingum af tilteknum dýrum og vörum eigi að fylgja opinbert vottorð til að tryggja að dýrin og vörurnar uppfylli viðeigandi kröfur sem fastsettar voru með reglunum sem um getur í 2. mgr. 1. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625. Af þessum sökum er 14. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2015/1375, þar sem þess er krafist að vottun um tríkínurannsókn eða stöðu búsins m.t.t. tríkínu sé höfð með í opinberum vottorðum fyrir viðskipti með lifandi alisvín innan Sambandsins og fyrir komu slíkra svína og kjöts af þeim inn í Sambandið, úrelt og fella ætti hana brott.
- 7) Í I. kafla I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1375 er fastsett tilvísunaraðferð til að greina tríkínu í sýnum sem eru tekin úr skrokkum alisvína. Á árinu 2015 samþykktu Alþjóðlegu staðlasamtökin hnattræna staðalinn ISO-18743:2015 þar sem tilgreind er aðferð til að greina lifur *Trichinella* spp. á vöðvastiginu í kjöti af stökum skrokkum dýra sem eru ætlaðir til mannelis. Tilvísunaraðferð til greiningar á tríkínu, sem mælt er fyrir um í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1375, uppfyllir kröfurnar í ISO 18743:2015.
- 8) Því er rétt að skipta tilvísunaraðferðinni í reglugerð (ESB) 2015/1375 út fyrir ISO 18743:2015 til að færa tilvísunaraðferð Sambandsins til samræmis við hnattræna staðalinn. Þetta mun greiða fyrir útflutningi á svínakjöti frá Sambandinu án þess að skapa viðbótarkröfur eða álag fyrir evrópskar rannsóknarstofur sem nota tilvísunaraðferðir við opinbert eftirlit.
- 9) Þar eð reglugerð (ESB) nr. 206/2010 og ákvörðun 2007/777/EB falla ekki úr gildi fyrr en 20. apríl 2021 ætti breytingin á skránni yfir þriðju lönd og fyrirmyndum að vottorðum einungis að koma til framkvæmda frá og með þeim degi.
- 10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1375 er breytt sem hér segir:

- 1) Önnur undirgrein 3. mgr. 2. gr. fellur brott.
- 2) Í 3. gr. er eftirfarandi 5. mgr. bætt við:

„5. Þrátt fyrir 3. mgr. 2. gr. og í kjölfar samþykkis lögbærs yfirvalds:

- a) er heimilt að stykkja skrokka í stykkjunarstöð, hvort sem hún er tengd eða aðskilin sláturhúsinu, að því tilskildu að:
 - i. það sé gert með samþykki lögbærs yfirvalds,
 - ii. hver skrokkur eða hluti hans endi ekki á fleiri en einni stykkjunarstöð,

⁽³⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 206/2010 frá 12. mars 2010 um skrár yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði eða hluta þeirra, þaðan sem leyfður er aðflutningur á tilteknum dýrum og nýju kjöti til Evrópusambandsins, og um kröfur varðandi heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir (Stjtið. ESB L 73, 20.3.2010, bls. 1).

⁽⁴⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/777/EB frá 29. nóvember 2007 um skilyrði varðandi heilbrigði dýra og manna og fyrirmyndir að vottorðum vegna innflutnings frá þriðju löndum á tilteknum kjötafurfurum og meðhöndluðum mögum, þvagblöðrum og þörnum til mannelis og um niðurfellingu á ákvörðun 2005/432/EB (Stjtið. ESB L 312, 30.11.2007, bls. 49).

⁽⁵⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/692 frá 30. janúar 2020 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar reglur um komu sendinga af tilteknum dýrum, kímefni og afurðum úr dýraríkinu inn í Sambandið og um tilflutning þeirra og meðhöndlun eftir komu (Stjtið. ESB L 174, 3.6.2020, bls. 379).

⁽⁶⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/625 frá 4. mars 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar kröfur vegna komu sendinga af tilteknum dýrum og vörum, sem eru ætluð til mannelis, inn í Sambandið (Stjtið. ESB L 131, 17.5.2019, bls. 18).

- iii. stykkjunarstöðin sé innan yfirráðasvæðis aðildarríkisins og
 - iv. allir hlutar skrokksins séu dæmdir óhæfir til manneldis ef niðurstöðurnar reynast jákvæðar,
- b) heimilt er að stykkja skrokka af alisvínnum í fleiri hluta í stykkjunarstöð, sem er á sama athafnasvæði eða tengd sláturhúsinu, að því tilskildu að:
- i. það sé gert með samþykki lögbærs yfirvalds,
 - ii. stykkjun á volgu kjöti sé nauðsynleg til framleiðslu á sérstökum afurðum,
 - iii. allir hlutar skrokksins séu dæmdir óhæfir til manneldis ef niðurstöðurnar reynast jákvæðar.“
- 3) Ákvæðum 4. gr. er breytt sem hér segir:
- a) Í stað fyrstu undirgreinar 1. mgr. kemur eftirfarandi:
- „Skrokkar, sem um getur í 2. gr., eða hlutar þeirra, að undanskildum þeim sem um getur í 5. mgr. 3. gr., mega ekki fara af athafnasvæðinu fyrir en niðurstöður úr rannsókn á tríkínu liggja fyrir og staðfest hefur verið að þær eru neikvæðar.“
- b) Í stað 3. mgr. kemur eftirfarandi:
- „3. Ef fyrir hendi eru starfsreglur í sláturhúsum til að tryggja að engir hlutar skrokka, sem skoðaðir eru, fari af athafnasvæðinu fyrir en niðurstöður úr rannsókn á tríkínu reynast neikvæðar og lögbært yfirvald samþykkir starfsreglurnar formlega eða ef undanþágan, sem veitt er í 5. mgr. 3. gr., á við má nota heilbrigðismerkið, sem kveðið er á um í 4. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, áður en niðurstöður rannsóknar á tríkínu liggja fyrir.“
- 4) Í stað 2. mgr. 13. gr. kemur eftirfarandi:
- „2. Einungis þriðju löndum sem eru skráð í VII. viðauka er heimilt að beita undanþágunum, sem kveðið er á um í 2. og 3. mgr. 3. gr., eftir að hafa tilkynnt framkvæmdastjórninni um beitingu þessara undanþága“,
- 5) Ákvæði 14. gr. falla brott.
- 6) Í stað I. kafla I. viðauka kemur eftirfarandi:

„I. KAFLI

TILVÍSUNARGREININGARAÐFERÐ

Tilvísunargreiningaraðferðin vegna rannsóknar á sýnum m.t.t. tríkínu er ISO 18743:2015.“

- 7) Eftirfarandi VII. viðauka er bætt við:

„VII. VIÐAUKI

Þriðju lönd sem beita undanþágunni sem um getur í 2. mgr. 13. gr.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Ákvæði 4., 5. og 7. mgr. 1. gr. gilda frá 21. apríl 2021.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. október 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.